

Reykjavík, 30. janúar 2008

Menntamálanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla frá Félagi um menntarannsóknir**

Félagi um menntarannsóknir, FUM, hefur borist erindi frá menntamálanefnd Alþingis, dagsett 14. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn félagsins um frumvarp til grunnskólalaga þskj. 319-285. mál. Stjórn FUM hefur kynnt sér frumvarpið

### **Almenn umsögn**

Því er fagnað að í umræddu frumvarpi má greina aukna áherslu á sveigjanleika í starfi grunnskóla, sveigjanleika milli skólastiga, heildstæðari sýn á öll skólastig og meira svigrúm til að haga skólastarfinu í samræmi við sérstöðu og aðstæður á hverjum stað.

Verksvið ríkisvalds, sveitarfélaga, skólanefnda, skólaráða og skólastjórnenda er vel skilgreint í frumvarpinu og starf svonefndra skólaráða hlýtur að varpa skýrara ljósi á réttindi og skyldur allra hagsmunaaðila skólastarfsins en áður var.

FUM telur að aukið valfrelsi nemenda, sveigjanleiki í námi og ákvæði um að þeir geti uppfyllt námsmarkmið með mismunandi hætti hljóti að efla áhugavöt og sjálfsábyrgð nemenda í námi sínu.

Að mati FUM er nauðsynlegt að tryggja markvisst mat og eftirlit með starfi grunnskóla samhliða auknu sjálfstæði sveitarfélaga og skóla til að móta starfið og viðhafa sveigjanleika og valfrelsi nemenda og foreldra. Í frumvarpinu má sjá mun skýrari ákvæði um mat og eftirlit en áður var. Nýju ákvæði um hlutverk sveitarfélaga við öflun upplýsinga og eftirlit með starfsemi og innra mati skóla ber að fagna, en jafnframt skal áréttað mikilvægi þess að þar séu fagleg sjónarmið höfð að leiðarljósi þegar valin eru viðmið og aðferðir, sbr. eðli menntarannsókna og sérstöðu mats á starfsemi skóla (sjá nánar umsögn um greinar 35-38 hér á eftir).

### **Umsagnir um einstakar greinar**

#### **Um 2. gr.**

Þessi grein hlýtur, eins og áður, að teljast ein sú mikilvægasta í væntanlegum lögum og því mikilvægt að hún sé skýr, auðskiljanleg og auðlesin. Spurning er hvort ekki þurfi að skerpa orðalag, stytta texta og flokka betur meginhugmyndir sem hér koma fram. Má til dæmis hugsa sér að ákvæði um samstarf heimilis og skóla eigi betur heima annars staðar?

**Um 5. gr.**

Samkvæmt þessari grein verða ábyrgð og skyldur sveitarfélaga mun skýrari en áður var sem er góðs viti. Það mun eflaust auka faglega meðvitund stjórnenda sveitarfélaga að þurfa að móta skólastefnu sveitarfélagsins, en spurning er að hvaða marki hún fellur ákvæðum í aðalnámskrá. Hugsanlega mætti breyta orðalagi þannig: „Sveitarfélög setja almenna stefnu um grunnskólalag í sveitarfélaginu, með hliðsjón af aðalnámskrá grunnskóla og sérstöðu og aðstæðum á hverjum stað, og kynna fyrir íbúum þess.“

**Um 7. og 8. gr.**

Samkvæmt frumvarpinu verður allnokkur breyting á fyrirkomulagi skólastjórnar. Skólastjóri fær aukið vald frá því sem áður var, honum verður í sjálfsveld sett hvernig hann hagar fyrirkomulagi og aðkomu meðstjórnenda sinna og hann “stýrir starfi skólaráðs”. Að sama skapi má ætla að dragi úr áhrifum annarra fagmanna í skólastarfinu, þ.e. kennara, t.d. er starf kennararáða fellt út. Stjórn FUM vekur athygli á að kennarar eru þeir fagmenn sem starfsemi skóla stendur og fellur með og því má spyrja hvort vægi þeirra (2 af 7 í skólaráði) í stefnumörkun og ákvarðantöku mætti ekki vera meira en raunin virðist vera samkvæmt frumvarpinu.

**Um 9. gr.**

Sú breyting að binda stofnun foreldrafélaga í stað þess að heimila stofnun þeirra hlýtur að leiða til markvissara samstarfs milli heimila og skóla og jafnframt að treysta betur þátt foreldra og forráðamanna í skólaráðum, þar sem þau má hugsa sem bakhjarla foreldrafulltrúa þar. En hugsanlega þarf hverju sinni að tryggja skýrar upplýsingar um réttindi þeirra og skyldur sem á þeim vettvangi starfa. Það myndi t.d. tryggja betri tengsl foreldrafélags við fulltrúa í skólaráði.

**Um 10. gr.**

Mjög mikilvægt ákvæði í lögum um grunnskóla. FUM hvetur til þess að öllum ráðum verði beitt til að þessu ákvæði verði vel framfylgt í starfi allra grunnskóla.

**Um 12. gr.**

Einnig mikilvægt ákvæði sem ber að fagna. Það að skapa aðstæður til reglulegrar símenntunar kennara og skólastjóra til að efla starfshæfni og tryggja þar með faglegri framkvæmd skólastarfs og kost á námsleyfum hlýtur að verða skólastarfi til hagsbóta og trygging þess að “grunnskólar komi til móts við ólíkar þarfir barna og sköpuð verði skilyrði til að mæta kröfum um þekkingu og færni nemenda svo að menntun þeirra standist alþjóðlegan samanburð” sbr. orðalag í greinargerð með frumvarpinu.

**Um 18. gr.**

Mikilvægt að hafa samráðsskyldur skólans og heimilisins sem skýrastar. Gott.

**Um 24. gr.**

Í þjóðarnámskrám nágrannaþjóða okkar hefur vegur náttúruvísinda verið aukinn til muna. Hér þarf að gera mun betur í þeim efnum en raun ber vitni. Eitthvað á þessa leið: „Í

aðalnámskrá skal m.a. leggja áherslu á: ...skilning á þeim náttúrulögmálum sem ríkja í heimi okkar og mikilvægi vísinda og tækni í daglegu lífi allra.“

#### **Um 26. gr.**

Stjórn FUM telur ákvæði um val á viðfangsefnum, námsaðferðum og námsgreinum frá upphafi skólagöngu athyglisverða, en vill áréttta að máli skiptir hvernig að því er staðið, öllum sé ljós tilgangurinn (þ.e. væntanlega að stuðla að sveigjanleika og undirstrika sjálfsábyrgð nemenda á eigin námi) og að tryggt sé að lagt verði mat á svo djarfar nýjungar í skólastarfi.

#### **Um 27. gr.**

Lagt er til að orðalagi í þessari grein verði breytt þannig. Í fyrstu málsgrein: „Mat á námi, námsframvindu og árangri náms er reglubundinn þáttur í skólastarfi.“

Í næstsíðustu efnisgrein talað um rétt nemenda og foreldra til að skoða metnar prófúrlausnir. Próf og prófúrlausnir eru mikilvægar matsaðferðir, en hér er þeim fullhætt undir höfði gert miðað við aðrar matsaðferðir og matstæki. Lagt er til að orðalag breytist þannig: „Nemendur og foreldrar þeirra eiga rétt á upplýsingum um niðurstöður mats, matsaðferðir og matstæki, þar með talið að skoða metin verkefni og prófúrlausnir.“ Stjórn FUM þykir óljós ákvæðið um að „niðurstæða námsmats sæti endurskoðun innan grunnskólans“.

#### **Um 28. gr.**

Stjórn FUM spyr hvernig breytingin úr 170 kennsludögum í 180 skóladaga er tilkomin og rökstudd

#### **Um 29. gr.**

Hér er gerður skýrari munur á skólanámskrá annars vegar (markmið, inntak náms, námsmat o.fl.) og starfsáætlun hins vegar (skóladagatal, almenn starfsemi skólans o.fl.) en áður var. FUM telur þessa aðgreiningu til bóta og einnig það að lagðar séu línur um meginefni hvors um sig. Hins vegar telur stjórn FUM mikilvægt að horfa til þeirrar áherslu sem kemur fram í frumvarpinu þess efnis að hver skóli hafi svigrúm og sjálfstæði til að haga starfi sínu í samræmi við sérstöðu og séraðstæður. Það sé því tekið inn í myndina að áætlanir geti breyst vegna ófyrirséðra aðstæðna og samhengis og því sé tekið tillit til þess þegar skólanefnd er gerð grein fyrir “með hvaða hætti áætlanir hafi staðist” sbr. orðalag í þessari lagagrein.

#### **Um 35. – 38. gr.**

Þessi þáttur frumvarpsins ætti að stuðla að markvissari upplýsingaöflun um skólastarf, árangur þess og þróun en áður hefur verið. Lagt er til að öllum séu ljós þau viðmið sem stuðst verði við og einnig hvaða þættir skólastarfs skuli hafa forgang í mati hverju sinni. Við skipulag og innleiðingu innra mats skóla, ytra mats sveitarfélaga og ytra mats menntamálaráðuneytisins sé gætt að sameiginlegri sýn á aðferðir og greiningu undir leiðsögn frá sérfræðingum um mat og rannsóknir á skólastarfi.

#### **Um 39. gr.**

Margt er óljóst hér. Verður tilgangur samræmdra könnunarprófa í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk og í íslensku, stærðfræði og ensku í 10. bekk fyrst og fremst leiðsögn (formative) og þá ætlað nemendum og kennurum þeirra, hugsanlega einnig foreldrum eða verða þau hugsuð sem vottun um árangur náms að loknu námstímabili (summative) eða einhver sambræðingur hvors tveggja? Munu framhaldsskólar nota upplýsingar um námsárangur í samræmdum prófum við inntöku á brautir skólanna eða verður það á valdi hvers skólameistara hvernig hann metur nemendur inn í skólann? Hvernig verður upplýsingamiðlun um nám, námsframvindu og námsárangur háttað milli grunnskóla og framhaldsskóla? Hver er tilgangur málsgreinarinnar: “Önnur próf skal halda samkvæmt ákvörðun ráðherra?”

#### Um 44 gr.

Lagt er til að orðalagi hér verði breytt þannig:

„Menntamálaráðuneyti getur veitt sveitarfélögum og sjálfstætt reknum grunnskólum heimild til að reka þróunarskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga þessara, reglugerða settra á grundvelli þeirra og aðalnámskrár grunnskóla. Slíkar tilraunir skulu ávallt vera vel rökstuddar, þeim sett eðlileg tímamörk og kveðið á um mat á ferlinu og úttekt að tilraun lokinni. Heimilt er að styrkja þróunarskóla og sérstakar nýjungar eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni.“

F.h. stjórnar Félags um menntarannsóknir

Amalía Björnsdóttir, formaður.

